

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR
VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Ár 2016, miðvikudaginn 16. mars, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Herdís Dröfn Fjeldsted stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Gunnar Sturluson hrl. kjörinn fundarstjóri og Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl. fundarritari.

Á fundinn voru mættir hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem fóru með samtals 1.743.434.952 atkvæði, eða 75,9% af hlutafé í félaginu.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Allir stjórnarmenn í aðalstjórn voru mættir á fundinn, þau Herdís Dröfn Fjeldsted, Helga Jónsdóttir, Jostein Sørvoll, Guðmundur Örn Þórðarson og Bjarni Brynjólfsson. Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri félagsins, var einnig mætt.

Mættir voru endurskoðendur félagsins, sbr. lagaskyldur þar um í lögum um vátryggingastarfsemi, þ.e. Hlynur Sigurðsson og Sæmundur Valdimarsson. Enn fremur voru mættir þrjú fulltrúar frá Fjármálaeftirlitinu, og fulltrúi frá Kauphöll Íslands, Guðríður Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Kosið í stjórn félagsins.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Var þá gengið til dagskrár:

1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015

Fundarstjóri lagði til að tillögur samkvæmt dagskrárliðum 1 og 2 yrðu teknar til afgreiðslu með dagskrárlið nr. 3 um ráðstöfun hagnaðar félagsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag.

Herdís Dröfn Fjeldsted, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu meginatriði úr starfsemi félagsins á árinu. Kom fram í máli hennar að rekstur VÍS árið 2015 hefði gengið vel. Hagnaður samstæðunnar eftir skatta hafi numið rúmum 2 milljörðum og að eins og árið áður hafi bæði vátryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi félagsins skilað hagnaði. Samsett hlutfall VÍS fyrir árið 2015 hafi verið 101,5%. Ávöxtun af fjárfestingareignum hefði numið um 4 milljörðum króna.

Stjórnarformaður rakti innleiðingu reglna hjá félaginu í samræmi við Solvency II og fram kom að í lok árs 2015 hefði félagið breytt um reikningsskilaaðferð við mat á váttryggingaskuld. Jafnframt var tekið fram að samanburðarfjárhæðum í ársreikningi og skýrslu stjórnar vegna ársins 2014 hefði verið breytt til samræmis við hina nýju aðferð.

Þá ræddi stjórnarformaður útgáfu og sölu félagsins á víkjandi skuldabréfum að nafnverði 2.500 milljónir króna.

Stjórnarformaður stiklaði á stóru um atburði ársins 2015 í tengslum við starfsemi félagsins. Að öðru leyti var vísað til ársskýrslu félagsins sem er að finna í vefútgáfu á vefsíðu félagsins, arsskýrsla2015.vis.is. Var aðalfundur upplýstur um að upplýsingar um kjör forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna væri að finna á bls. 44-45 í gagnapakka aðalfundar og á bls. 13-14 í samstæðureikningi félagsins.

Stjórnarformaður fór stuttlega yfir tillögur stjórnar um arðsúthlutun og þær breytingar sem síðar voru gerðar á þeim tillögum.

Loks þakkaði stjórnarformaður starfsmönnum félagsins fyrir góð störf.

2 Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Hagnaður ársins 2015 eftir skatta var 2.076 m.kr.

Iðgjöld ársins námu 16.597 m.kr. samanborið við 15.959 m.kr. árið 2014. Eigin iðgjöld voru 16.016 m.kr. samanborið við 15.356 m.kr. árið 2014. Tjón ársins námu 12.732 m.kr. samanborið við 12.837 m.kr. árið 2014. Eigin tjón námu 12.712 m.kr. samanborið við 12.659 m.kr. árið 2014. Fjármunatekjur voru 4.076 m.kr. fyrir árið 2015. Fram kom að allir eignaflokkar í fjárfestingastarfsemi félagsins hefðu skilað hagnaði á árinu.

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2015 voru 44.874 m.kr. samanborið við 46.330 m.kr. þann 31. desember 2014. Eigið fé var 17.552 m.kr. en var 19.180 m.kr. þann 31. desember 2014. Váttryggingaskuld 31. desember 2015 var 23.466 m.kr. samanborið við 23.208 m.kr. 31. desember 2014.

Samsett hlutfall var 101,5%, en var árið 104,5% á árinu 2014.

Forstjóri fór stuttlega yfir stefnu félagsins og áherslur stjórnenda í rekstri. Að lokum þakkaði forstjóri stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu, svo og starfsmönnum félagsins fyrir frábært, óeigingjarnt og krefjandi starf.

3 Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs

Fyrir fundinum lá eftirfarandi breytingartillaga stjórnar félagsins um greiðslu arðs. Fól sú tillaga í sér breytingu frá upphaflegri tillögu stjórnar:

„Í samræmi við ákvörðun stjórnarfundar 10. mars 2016 leggur stjórn til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur hagnaði ársins 2015. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er því um 2.067 milljónir króna sem jafngildir kr. 0,90 á hlut.

Arðsákvörðunardagur er 16. mars 2016 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 18. mars 2016 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 17. mars 2016 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 15. apríl 2016.“

Tók fundarstjóri fram að upphaflega tillagan hefði gert ráð fyrir greiðslu hærrí arðs, eða kr. 2,17 á hlut fyrir árið 2015 eða alls 5 m.kr. Þar sem breytingartillagan fæli í sér lægri arðgreiðslu bæri að leggja hana fyrir atkvæðagreiðslu fundarins á undan aðaltillögunni.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninginn og breytingartillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar og útgreiðslu arðs.

Guðmundur Helgi Þorsteinsson kvað sér hljóðs um breytingartillögu stjórnar. Tók Guðmundur fram að hann styddi stjórn félagsins við frekari kynningu á starfsemi félagsins, m.a. á samskiptamiðlum. Hann hvatti einnig stjórn félagsins til að setja sér frekari stefnu um starfsemi félagsins til framtíðar.

Atkvæðagreiðsla varðandi breytingartillögu stjórnar um útgreiðslu arðs var skrifleg. Voru atkvæði talin og var breytingartillagan samþykkt með 74,9% greiddra atkvæða (1.251.785.624 atkvæði). Alls 23,7% greiddu atkvæði á móti (395.621.908 atkvæði), en 1,4% skiluðu auðu.

Því næst voru ársreikningurinn ásamt skýrslu stjórnar borin undir atkvæði og voru þau samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4 Tillaga um lækun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 16. mars 2016, samþykkir að lækka hlutfé félagsins úr kr. 2.438.480.516 að nafnverði í kr. 2.296.436.567 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 142.043.949 sé þannig eytt.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

5 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:

„Lagt er til að eftirfarandi ákvæðum í samþykktum félagsins verði breytt og þær hljóði svo eftir breytingu:“

5.1 3. gr. Hlutfé:

„3. gr. Hlutfé

Hlutfé félagsins er 2.296.436.567 – tveir milljarðar tvö hundruð níutíu og sex milljónir fjögur hundruð þrjátíu og sex þúsund og fimmhundruð sextíu og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.2 4. gr. Hækkun og lækun hlutfjár (efni áður í annarri grein og nýtt heiti greinar):

„4. gr. Hækkun og lækun hlutfjár

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.3 5. gr. Hlutabréf og hlutaskrá (áður 4. gr.):

„5. gr. Hlutabréf og hlutaskrá

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Eignarskráning að hlut í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa veitir skráðum eiganda hans lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart félaginu skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.4 6. gr. Hlutir í félaginu (efni áður í öðrum greinum og nýtt heiti greinar):

„6. gr. Hlutir í félaginu

Engar hömlur eru með viðskipti með hluti í félaginu umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra."

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.5 7. gr. Eigin hlutir (efni að hluta í öðrum greinum áður og nýtt heiti greinar):

„7. gr. Eigin hlutir

Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Eigin hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn. Skal slík heimild eigi veitt til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.6 8. gr. Réttindi og skyldur hluthafa (ný grein):

„8. gr. Réttindi og skyldur hluthafa

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum nema til komi heimild samkvæmt lögum. Hluthafar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.7 9. gr. Samskipti við hluthafa (ný grein):

„9. gr. Samskipti við hluthafa

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafrósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í s tað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.8 10. gr. Stjórnskipulag félagsins (ný grein)

„III. Kafli

Stjórnskipulag

10. gr. Stjórnskipulag félagsins

Með stjórnun félagsins fara:

- 1. Hluthafafundur.*
- 2. Stjórn félagsins.*
- 3. Forstjóri.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.9 11. gr. Réttur til fundarsetu (áður 8. gr.):

„11. gr. Réttur til fundarsetu

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

5.10 19. gr. Stjórnarkjör (áður 15. gr.):

„19. gr. Stjórnarkjör

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.

Hluthafafundur kýs stjórn með hlutfallskosningu milli einstaklinga og skal kjörtímabil stjórnar vera til næsta aðalfundar. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir hluthafafund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samþykkt þessa er sitjandi stjórn heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi framboðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir hluthafafund skal stjórn boða til framhaldsfundar 3-4 vikum eftir hluthafafund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 19. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við stjórnarkjör telst kosningin í aðal- eða varastjórn ógild. Endurtaka skal stjórnarkjör á sama hluthafafundi þegar ljóst er að niðurstöður stjórnarkjörsins eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram."

Fundarstóri tók fram að framangreind tillaga fæli í sér tvenns konar efnisbreytingar á umræddu ákvæði samþykktanna, annars vegar að því er varðar 2. mgr. ákvæðisins og hins vegar 6. gr. Fundarstjóri nefndi að óskað hefði verið eftir því að atkvæði yrðu greidd um tillöguna í tvennu lagi, annars vegar um þær breytingar sem felast í 2. mgr. og hins vegar um 6. mgr.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Borin var undir atkvæði efnisbreytingin sem fólst í 2. mgr. tillögunnar. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða, en hluthafar sem fóru með 161.046.033 atkvæði greiddu atkvæði á móti. Var því tillagan lýst samþykkt.

Borin var undir atkvæði efnisbreytingin sem fólst í 6. mgr. tillögunnar. Hluthafar sem réðu yfir 915.518.533 atkvæðum á fundinum (52,51%) samþykktu tillöguna, hluthafar sem réðu yfir alls 407.744.591 atkvæðum á fundinum (23,39%) greiddu atkvæði á móti, en hluthafar sem réðu yfir 420.171.828 atkvæðum (24,10%) sátu hjá. Taldist því tillagan fallin.

5.11 27. gr. Félagsslit:

„27. gr. Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillögurnar undir atkvæði hluthafa. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6 Kosið í stjórn félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa stjórnina fimm menn og tveir til vara.

Eftirtaldir einstaklingar höfðu gefið kost á sér í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Guðný Hansdóttir

Guðmundur Þórðarson

Helga Hlín Hákonardóttir

Helga Jónsdóttir

Herdís Dröfn Fjeldsted

Jostein Sørvoll

Jóhann Halldórsson

Varastjórn

Andri Gunnarsson

Guðmundur Helgi Þorsteinsson

Soffía Lárusdóttir

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að tveir frambjóðendur til aðalstjórnar félagsins, Guðmundur Þórðarson og Jóhann Halldórsson, hefðu dregið framboð sitt til baka. Væri því ekki unnt að kjósa félaginu stjórn á fundinum, þar sem frambjóðendur fullnægðu ekki skilyrðum hlutafélagalaga og ákvæða samþykka félagsins um kynjakvóta. Yrði dagskrárliðurinn um kjör stjórnar því tekinn fyrir síðast á fundinum, þar sem fundinum yrði frestað. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tillögu fundarstjóra.

7 Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um breytingar á starfskjarastefnu félagsins:

„Eftirfarandi breytingar eru helstu breytingar á núgildandi starfskjarastefnu félagsins sem stjórn leggur til við aðalfund að verði samþykktar:

A. *Við 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi:*

„Stjórn ber ábyrgð á starfskjarastefnu félagsins og að til staðar séu ferlar og eftirlit með því að henni sé fylgt eftir.“

B. *4. mgr. 1. gr. verði felld niður í núverandi mynd, og í staðinn komi eftirfarandi texti:*

„Starfskjör og kaupaukar skulu vera með þeim hætti að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum og samræmast gildum félagsins, árangursmælikvörðum, stöðu félagsins á hverjum tíma, lögum, góðum viðskiptaháttum og venjum og heilbrigðum og traustum rekstri félagsins.“

Stefnan skal ekki hvetja til óhóflegrar áhættutöku eða leiða til hagsmunaárekstra. Árlega skal leita álits áhættustýringar á áhrifum starfskjara á áhættutöku og rekstur félagsins og álits regluvörslu varðandi fylgni við lög og reglur"

- C. Grein 3.2. verði felld niður í núverandi mynd, og í staðinn komi eftirfarandi texti:

„Þóknun til stjórnarmanna og varamanna fyrir komandi starfsár skal ákveðin á aðalfundi ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Á aðalfundi skal jafnframt tekin ákvörðun um laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því flókna umhverfi sem félagið starfar í, vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna auk þess sem litið skal til þóknunar til stjórnarmanna sambærilegra félaga.

Ekki er heimilt að greiða eða umbuna stjórnarmönnum á annan hátt en að framan greinir."

- D. Grein 3.5 um starfskjör annarra starfsmanna verði bætt við stefnuna en hún hljóðar svo:

„Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins og miða við þann markaðshóp sem viðkomandi tilheyrir.

Við starfslok skal almennt ekki samið um lífeyris- eða starfslokagreiðslur umfram það sem fram kemur í ráðningarsamningi. Þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um."

Að öðru leyti er vísað til draga að nýrri starfskjarastefnu í heild sem fylgir með aðalfundarboði en drögin innihalda einnig aðrar smávægilegar breytingar. Uppfærð starfskjarastefna með öllum breytingum sem lagðar eru til er hluti af aðalfundargögnum, einnig drög að starfsreglum um kaupaukakerfi félagsins."

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

8 Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar:

„Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði óbreytt frá aðalfundi félagsins 2015, þ.e. kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 600.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 350.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn fái kr. 80.000 á mánuði. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 50.000 fyrir hvern fund."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Bar fundarstjóri þá tillöguna undir atkvæði hluthafa og var hún samþykkt samhljóða.

9 Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörð sem endurskoðunarfélag VÍS hf. til næsta árs.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna, en enginn tók til máls.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

10 Önnur mál löglega fram borin


Fundarstjóri ítrekaði að ekki væri unnt að framkvæma stjórnarkjör, þar sem ekki lægju fyrir fullnægjandi framboð til stjórnar. Var því vikið að dagskrárliðnum önnur mál.

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Gunnlaugur M. Sigmundsson kvað sér hljóðs. Lýsti hann yfir áhyggjum sínum yfir því að ekki hefðu fengist fullnægjandi framboð í stjórn félagsins og að stjórnarmenn í félaginu ættu ekki hluti í félaginu. Bar Gunnlaugur upp fyrirspurn til fundarstjóra um hvort önnur lausn væri möguleg en að fresta fundi. Var fyrirspurninni svarað af fundarstjóra.

Var fundinum loks frestað um ótiltekinn tíma, en þó ekki lengur en til fjögurra vikna. Tók fundarstjóri fram að boðað yrði til fundarins með hefðbundnum hætti.

Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Engar athugasemdir bárust. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:30.



Gunnar Sturluson hrl., fundarstjóri



Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl., fundarritari

Fundargögn:

Atkvæðaseðill

Dagskrá fundarins

Samantekt um hlutafjäreign stærstu hluthafa og breytingar milli ára

Upplýsingar um réttindi hluthafa á aðalfundi

Ályktunartillögur stjórnar

Breytingartillaga stjórnar um arðgreiðslu

Tillögur um samþykktarbreytingar

Núgildandi samþykktir félagsins

Helstu upplýsingar um frambjóðendur

Breytt starfskjarastefna

Starfsreglur VÍS um kaupaukakerfi

Ársreikningur samstæðunnar

Stjórnarháttayfirlýsing